

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra

haldinn í Reykjaskóla, föstudaginn 26. ágúst 2011

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra var haldinn föstudaginn 26. ágúst 2011, kl. 09:15, í Reykjaskóla, Húnaþingi vestra.

Mættir voru 15 kjörgengir fulltrúar. Fundurinn telst löglegur þar sem löglega var til hans boðað skv. samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra.

Formaður, Björg Baldursdóttir, setti fund og bauð þingfulltrúa velkomna. Tilnefndi hún Jón Óskar Pétursson fundarstjóra og Katrínu Maríu Andrésdóttur fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók því næst við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla um starfsárið 2010

Björg Baldursdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Vakti hún athygli á því að síðastliðið ár hefði verið nokkuð sérstakt hjá menningarráðinu þar sem einvörðungu lá fyrir samningur til ársins. RARIK styrkti starfsemina áfram en nú í síðasta sinn, a.m.k. í bili. Framlög ríkisins til Menningarráðs Norðurlands vestra lækkuðu um 6 milljónir og einnig hlutfallslega frá sveitarfélögunum.

Menningarráðið hélt fjóra bókfærða fundi á árinu, auk aðalfundar. Styrkjum var úthlutað tvisvar sinnum. Umsóknum hefur fjölgað en erfiðara er að veita styrki sem um munar þar sem fjárhagur menningarráðsins er nú rýrari.

Þann 15. apríl sl. var gerður nýr samningur til 2013. Framlag ríkisins verður 23,1 milljón árlega sem er um 27% skerðing á tveimur árum. Þriggja ára samningur er þó til bóta, þar sem starfsemin hefur þá fastara land undir fótum. Vonandi verða fjárframlög ekki skert frekar.

Menningarfulltrúi fór úr 100% starfshlutfalli í 60% 1. apríl sl. Jafnframt störfum fyrir menningarráðið sinnir menningarfulltrúi atvinnuráðgjöf fyrir SSNV í 40% starfshlutfalli.

Fyrir liggur að úthlutun stofn- og rekstrarframlaga til menningarmála mun á næstunni færast frá ríki til menningarráða. Um er að ræða um 120-130 milljónir á ársgrundvelli. Eftir að semja um fyrirkomulag þessara mála en gæti orðið lyftistöng fyrir starfið í héraði.

Björg fór nokkrum orðum um þá ánægjulegu vakningu sem orðið hefur varðandi sagnaarfinn og margvísleg verkefni honum tengd. Þá hefur kvikmyndagerð á svæðinu verið að ryðja sér til rúms í vaxandi mæli.

Björg nefndi hversu dýrmætt það getur verið fyrir ferðafólk að fá raunverulega að kynna landsmönnum og hve hlutir eins og kaffibolli með bóndanum eða hjónabandssæla með húsfreyjunni við eldhúsborðið geta skipt máli. Að lokum flutti Björg þakkir til menningarráðs, menningarfulltrúa og styrktaraðila.

2. Ársreikningur fyrir árið 2010

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi skýrði ársreikning ráðsins fyrir árið 2010. Rekstrartekjur námu 37.000.002 kr. Rekstrargjöld námu 40.948.547 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 831.803 kr. Rekstrartap nam 3.116.742 kr. Gjaldfærðir styrkir námu á árinu 29.200.000 kr.

Ársreikningur menningarráðs fyrir árið 2010 var borinn upp og samþykktur.

Elín R. Líndal þakkaði menningarráði og menningarfulltrúa fyrir störf þeirra og klöppuðu fundarmenn fyrir orðum hennar.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Ingibergur lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Tekjur eru áætlaðar 32.700.000 kr. en gjöld 32.560.000 kr. Áætlaður rekstrarafgangur er því 140.000 kr. Af gjöldum er gert ráð fyrir að 23.500.000 kr. fari í verkefnastyrki.

Fjárhagsáætlun menningarráðs fyrir árið 2012 var borin upp og samþykkt.

4. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu fyrir árið 2011

Formaður bar upp tillögu að þóknun til fulltrúa í menningarráði fyrir árið 2011 væri óbreytt frá fyrra ári eða 12.500 kr. pr. setinn fund fyrir almenna fulltrúa og 18.750 kr. fyrir formann. Tillagan borin upp og samþykkt.

5. Tillaga að sameiginlegri menningarstefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Björg formaður lagði fram tillögu að sameiginlegri menningarstefnu fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Tillagan byggir á sameiginlegri menningarstefnu frá árinu 2005 en er aðlöguð að núverandi aðstæðum. Tillagan samþykkt.

6. Önnur mál

Bjarni Jónsson tók til máls. Vakti athygli á því hve samstarf að málaflöknum hefur gengið vel í landshlutanum. Uppi er umræða um með hvaða hætti fjárþörf skuli metin og hvernig fjármunir skiptist milli landshluta. Við gerð síðasta samnings var ekki tekið tillit til ýmissa aðstæðna sem unnu með Norðurlandi vestra við gerð fyrri samnings. Áfram verður unnið að því að halda sjónarmiðum landshlutans á lofti við gerð fjárlaga og úthlutunarreglna varðandi fjármögnun verkefna á sviði menningarmála.

Elín R. Líndal tók undir orð Bjarna og hvatti til þess að sveitarstjórnarmenn héldu vöku sinni og stæðu saman svo ná mætti árangri í samskiptum við ríkið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 9:45.

Katrín María Andrésdóttir fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.